

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Austureyjar I og III, verslun og þjónusta.*
Breytingin felst m.a. í að í stað fjögurra íbúðarhúsalóða þar sem heimilt var að reisa byggingar allt að 400 m² á hverri lóð, verður ein lóð þar sem heimilt verður að reisa 1-2 byggingar fyrir verslun og þjónustu, allt að 1.600 m². Hámarkshæð húsa verður 5,5 m.
Samþykkt í sveitarstjórn 16. apríl 2015.
2. *Breyting á deiliskipulagi orlofshúsaþverfis VM, spilda úr landi Snorrastaða.*
Í breytingunni felst að bústöðum fækkar úr 16 í 12 auk breytinga á staðsetningu húsa. Gert er ráð fyrir að 6 hús verði allt að 95 m² auk 10 m² geymslu og 6 hús allt að 110 m² auk 10 m² geymslu.
Samþykkt í sveitarstjórn 4. júní 2015.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 1. september 2015.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 3. september 2015